



# ORATOR

Félag laganema  
Association of law students  
Lögberg  
Háskóla Íslands  
101 Reykjavík  
Sími 552 1325  
Fax 551 7725

Lögberg, 5. nóvember 1997

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 122/37*  
*komudagur 7.11.197*

## Allsherjarnefnd Alþingis

Þann 31. október sl. barst okkur bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dagsett 23. október 1997, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um lögmennt. Umsögninni átti að skila eigi síðar en 6. nóvember 1997.

Núverandi stjórn Orators tók við störfum þann 19. október 1997 og var eitt af fyrstu verkum varaformanns, sem sinnir hagsmunamálum laganema, að kynna nemendum frumvarpið. Næsta skref er að halda fund með laganemum og jafnvel öðrum hagsmunaaðilum til að geta mótað skýra stefnu varðandi frumvarpið og einblínum við þá einna helst á 7. gr. frumvarpsins.

Þar sem miklir hagsmunir laganema eru í húfi, einkum hvað varðar fyrirkomulag námskeiðs og prófraunar sbr. 7. gr. frumvarpsins, teljum við frestinn, til að skila umsögn, of stuttan ef vel á að vinna verkið.

Fundur með laganemum verður að öllum líkindum haldinn í næstu viku og þykir okkur líklegt að umsögn okkar muni geta borist allsherjarnefnd í síðari hluta mánaðarins. Vonumst við eftir skilningi ykkar vegna seinkunarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Orators

  
varaformaður Orators